



Alþingi  
Erindi nr. P 139/409  
komudagur 25.11.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2010

#### **EFNI: UMSÖGN – Þskj. 225, 206. mál.**

Borgarahreyfingunni hefur borist ósk frá nefndasviði Alþingis hvar sent er til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara..

Erindið barst skrifstofu Borgarahreyfingarinnar þann 18. nóvember.

Borgarahreyfingin gerir verulegar athugasemdir við frumvarp þetta eins og það liggur fyrir.

Fyrst ber að nefna að ótvírætt er að ríkissjóður er settur í verulega hættu vegna fyrirsjáanlegra skaðabótakrafna frá bæði lánþegum og kröfuhöfum náí frumvarpið fram að ganga óbreytt.

Í öðru lagi, þá verður upphaflegum meintum tilgangi frumvarpsins trauðla náð með framlögðu frumvarpi sökum óljóss orðalags í 2. gr.

Og í þriðja lagi verður að gera athugasemd við 1. gr. hvar gengistrygging er lögleidd, en slíkt aftengdi möguleika Seðlabanka Íslands á að hafa áhrif á fjármálastöðugleika með vaxtaákvörðunum, svo sem dæmin frá 2006 – 2008 sýna.

#### **Umsögn**

Markmið stjórnvalda með breytingu á lögum nr. 38/2001 er að tryggja jafnræði og sanngirni. Verður að álíta að þar sé fyrst og fremst átt við neytendur enda væri annað í beinni andstöðu við tilskipun 93/13/EBE. Það kemur því á óvart hve verulega er gengið á rétt neytenda, í framlögðu frumvarpi, til hagsbóta fyrir fjármálafyrirtækin.

#### **Varðandi 1. gr. frumvarpsins**

Í fyrstu gr. frumvarpsins er lagt til að gengistrygging verði gerð lögleg með ákveðnum tilteknum skilyrðum. Gengur þetta þvert gegn upprunalegum tilgangi laga nr. 38/2001 og er jafnframt í skýrri andstöðu við 1. mgr. 14. gr. laganna þar sem tilgreint er að ekki sé heimilt að verðtryggja samning nema miðað sé við neysliverðsvisitölu.

Ef þarf að gengistryggja þá er rétt að notaður sé hinn erlendi gjaldeyrir og því sé með öllu óþarft að lögleiða tengingu skuldbindingar í íslenskum krónum við erlenda mynt. Með því að nota hinn erlenda gjaldeyri er Seðlabanka Íslands og öðrum eftirlitsaðilum einnig gert hægara um vik að fylgjast með og grípa inn í ef ástæða er til og tryggja þannig eftir megni möguleika Seðlabanka Íslands á að hafa áhrif á fjármálastöðugleika með vaxtaákvörðunum.

Ekki verður séð að tilgangur sé með því að heimila gengistryggingu, jafnvel þó þar séu tilgreind sérstök skilyrði fyrir slíkrri gengistryggingu.



## Varðandi 2. gr. frumvarpsins og bráðabirgðaákvæði

1. Í 1. mgr. segir til um að lánveitandi beri enga ábyrgð tjóni sem lánþegi verður fyrir vegna ólögðra vaxtaákvæða. Slíkt býður hættu heim á að tilboð sé gefið til lánþega um kjör sem ekki standast lagaákvæði. Þegar lánþegi síðan hefur skrifað undir þá getur lánveitandi sagt lánið ólöglegt og skal þá lánþegi greiða vexti til samræmis við ákvæði 1. málsl. 4. gr. sem eru jafnvel langt umfram það sem upphaflega var samið um. Einnig er hér tilgreint að sé annað hvort verðtrygging, *eða* vextir samning ógildir, þá skuli hvort tveggja endurskoðað til samræmis við það sem nánar er greint í 4. gr. laganna og það sem fram er sett í 18. gr. breyttri.
  - a. Ekki verður séð að þessi málsgrein sé til annars en að ganga á rétt neytenda með því að rýra möguleika þeirra á að semja skv. lögum um frjáls vaxtaákvæði óháð verðtryggingu. Einnig er neytandi varnarlaus gagnvart mögulega óheiðarlegum lánveitendum sem lokka neytanda til viðskipta á grundvelli lágra vaxta, en setja inn lítil ólögleg atriði í samninginn með það fyrir augum að innheimta "afturábak" langt um hærri vexti skv. 4. gr. Þá er og óljóst hvort þessi framsetning stenst neytendavernd sbr. tilskipun 93/13/EBE og því verið að baka ríkissjóði hættu á skaðabótakröfum frá lánþegum.
  - b. Sú regla sem sett er fram í 1. mgr. varðandi órjúfanlega tengingu vaxtaákvæðis og verðtryggingar er enda ekki í nokkru samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar frá 16. september 2010, en þar er einungis sagt að órjúfanleg tengsl séu á milli tengingar við ákveðinn gjaldmiðil og libor vaxta þess sama gjaldmiðils. Ekkert er þar fjallað um tengsl hugsanlega ólögðrætrar verðtryggingar og frjálst umsaminna vaxta í íslenskum krónum.
  - c. Er því lagt til að 1. mgr. verði alfarið sleppt í framlögðu frumvarpi.
2. Ekki verður séð að 2. mgr. gangi gegn rétti neytenda þar sem ákvæði þessarar málsgreinar eru frávikjanleg.
3. Í 3. mgr. er verið að lögfesta afturvirkni laga en slíkt stendst hvorki stjórnarskrárvarin eignarétt lánþega né tilskipun 93/13/EBE um neytendavernd. Hér er því, líkt og í 1. mgr. verið að baka ríkissjóði hættu á skaðabótakröfum frá lánþegum vegna rangt innleiddrar tilskipunar og eru fordæmi frá Hæstarétti fyrir því að ríkissjóður hafi verð dæmdur skaðabótaskyldur vegna rangrar innleiðingar, sbr. HRD: 236/1999. Einnig er varhugavert að setja slíka grein í lög fyrr en EFTA-dómstóllinn hefur með afgerandi hætti fjallað um lögðmæti afturvirkra vaxtabreytinga. Verður því að leggja til að 3. mgr. verði alfarið endurskoðuð m.t.t. tilskipunar 93/13/EBE, eða felld út.
4. Ekki verður séð að taka þurfi sérstaklega fram í lagafrumvarpi að skuldara sé heimilt að greiða upp ólögðmætan samning, *án kostnaðar*, líkt og gert er í 4. mgr.. Nær væri að tiltaka að: *"Lánveitandi sem uppvís hefur orðið að ólögðmætum viðskiptaháttum skal í hvívetna fara að lögum vegna hugsanlegs uppgjörs á samningum sem innihéldu ólögðmæta skilmála. Skal lánveitandi alfarið vera ábyrgur fyrir því að skuldari geti lokað slíkum samningum án tjóns fyrir skuldara og skal allur kostnaður vegna slíks uppgjörs falla á lánveitanda."* Tilgangur með slíkri endurorðun 4. mgr. væri að sýna fram á með skýrum hætti að með þessari lagasetningu sé ekki verið að ganga veg fjármálafyrirtækjanna, enda eru þau "hinn brotlegi" í þessu samhengi.
5. Varðandi önnur ákvæði frumvarpsins, sem og bráðabirgðaákvæði, þá verður að gera athugasemdir við eftirfarandi atriði:
  - a. Ekki fæst staðist að lagðir séu vextir ofan á kröfu sem aldrei hefur verið sett fram og lánþegi taldi og hafði allar forsendur til að ætla, að væri fullgreidd. Aftur á móti er eðlilegt að lánveitandi greiði fulla vexti af fjárhæð sem ranglega var höfð af lánþega, vegna ólögðmætra skilmála.
  - b. Ekki fæst staðist að kröfuhafa sé heimilt að ganga gegn stjórnarskrárbundnum eignarétti lánþega með því að nýta þá fjármuni sem með ólögðmætum hætti voru innheimtir af lánþega, til uppgjörs á öðrum ógjaldföllnum skuldum lánþega við kröfuhafa.
  - c. Ekki fæst staðist að fyrningafrestur sé í lögum þessum settur skemmri en vegna almennra fjárfkrafa í íslenskum kröfurétti. Slíkt stríðir gegn öllum sjónarmiðum um jafnræði og neytendavernd.



- d. Ekki fæst staðist að lánveitanda sé heimilt að endurskoða vaxtakjör samnings sem með lögum hefur verið endurreiknaður með ákveðnum vaxtakjörum, nema þess hafi verið sérstaklega getið í upphaflegum samningi.
6. Varðandi það sem ekki er tekið fram í frumvarpinu, þá hljóta að vakna spurningar um afturvirk tímamörk endurútreiknings, en ekki er tekið fram hve langt aftur skal ganga og hvernig haga skuli fyrningarreglum þar að lútandi. Þá er ekki skýrt á um það kveðið hvernig skuli háttá endurútreikningi á lánum sem eru bæði með lögmætu vaxta og verðtryggingarákvæði og ólögmætu gengistryggingaákvæði. Því til viðbótar vantar nákvæma útlitun á því hvaða samningar nákvæmlega falla undir þessi fyrirhuguðu lög. Hvað með fjármögnunarleigusamninga, kaupleigusamninga og aðra hér óupptalda samninga sem hugsanlega gætu fallið undir áðurgreind ákvæði um ólögmæta gengistryggingu.

### Niðurstaða

Þegar á heildina er litið er illmögulegt að sjá hvernig framlagt frumvarp tryggir jafnræði og sanngirni. Með ákvæðum frumvarpsins er gengið gegn stjórnarskrárbundnum eignarrétti lánþega. Lánþegum er mismunað eftir eðli og meðferð ólögmætra lánasamninga fer samkvæmt frumvarpinu eftir því hver er samningsaðili en ekki hvers eðlis hið ólögmæta ákvæði er.

Flækjustig og óskiljanleiki í texta framlagðs frumvarps er með þeim hætti að mikil hætta er á að dómstólar kafni í málaferlum vegna óljósra skilmála. Verður því að gjalda varhug við að frumvarpið verði samþykkt óbreytt enda hefði það í för með sér fjölda málssókna og skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði frá lánþegum á grundvelli þess að ekki hafi verið rétt staðið að innleiðingu tilskipunar 93/13/EBE, en fordæmi fyrir slíku er að finna í HRD: 236/1999. Einnig er ljóst að kröfuhöfuhafar telja sig eiga skaðabótakröfu verði framangreint frumvarp samþykkt óbreytt. Verður því ekki annað séð, en að með framlögn þessa frumvarps, sé verið að tryggja kröfuhafa alfarið á kostnað ríkissjóðs, enda skiptir engu hverjir gera kröfu á ríkissjóð, almennigur mun ávallt borga það tjón sem af slíku verður til.

Er því lagt til af hendi Borgarahreyfingarinnar, að framangreint frumvarp verði þegar dregið til baka, og þess í stað sett sérlög til bráðabirgða hvar tiltekið væri sérstaklega um réttindi lánþega og skyldur lánveitanda vegna ólögmætra samningsskilmála hinna síðarnefndu í gengistrygðum samningum.

Þar væri komið á framfæri kröfu um að lánveitendur sem ekki uppfylltu skýr skilyrði fyrir lögmætum lánum, s.s. með sannanlegri afhendingu á erlendri mynt, yrðu að fara eftir ákvæðum settra laga. Þeim væri hins vegar heimilt að sækja rétt sinn gagnvart lánþegum, teldu þeir að réttindi þeirra væru ríkari en fram eru sett í skilgreiningu Hæstaréttar frá 16. júní.

Kær kveðja,

f.h. Borgarahreyfingarinnar

Guðmundur Andri Skúlason